HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfjörður 3. September 20108
Málsnr. 1808246

# Umsögn.

Þann 24. ágúst sl. sækir Valur Sveinbjörnsson um lóðarstækkun við Kirkjuveg 8b fyrir hönd eigenda hússins.

Óskað er eftir að stækka í norð/vestur um 1,2 m eða alls um 19,5 $m^2$ stækkun.
Undanfarin misseri hafa framkvæmdir staðið yfir þar sem verið er að stækka húsið til norðurs, í átt að Hellisgötu. Ljóst er af eldri gögnum að slíkar hugmyndir hafa verið uppi þegar húsið var byggt á sínum tíma. Stækkunin fellur því ágætlega að þeim hugmyndum.
Viðbyggingin er nú komin nærri lóðarmörkum við bæjarland að þeirri lóð sem Siggubær stendur á.

*Nú er óskað eftir að stækka lóðina við Kirkjuveg 8b eins og fram kemur hér að ofan. Með því verður aðgengi umhverfis húsið. Stækkunin hefur engin áhrif á Siggubæ og mun ekki skerða upplifun gesta í garðinn. Því er mælt með að tekið verði jákvætt í erindið.*

---

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt